

RIFÓS hf.  
Hlífur Karlsson  
v/Lónin Kelduneshr.  
671 Kópasker

2004060010  
6701; 9310

Reykjavík, 28. júlí 2004  
/--

### **Efni: Breyting á fiskeldi Rifóss hf. Lónum, Kelduneshreppi. Matsskylda**

Vísað er til erindis Rifóss hf. dags. 16. júní 2004 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt breyting á fiskeldi Rifóss hf. Lónum, Kelduneshreppi, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Kelduneshrepps, Umhverfisstofnunar og veiðimálastjóra.

Umsagnir bárust frá Kelduneshreppi með bréfi dags. 22. júlí 2004, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 26. júlí 2004 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 26. júlí 2004.

### **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA**

#### **Fyrirhuguð framkvæmd**

Fyrirhugað er að nýta um 12.000 m<sup>3</sup> af eldisrými í kvíum Rifóss hf. í Lónum til eldis á bleikju í matfiskstærð og í fyrstu 40-50 tonn á ári. Samkvæmt starfsleyfi er heimilt að ala allt að 700 tonnum af laxi í 52.000 m<sup>3</sup> eldisrými en nýting þess er nú sem svarar 500 tonnum af laxi í 40.140 m<sup>3</sup>.

Bleikjustofninn er blendingur af Ölfusvatns og Grenlækjarstofni frá Hóllalaxi, Hólum í Hjaltadal í Skagafirði.

Fóðurstuðull í laxeldi er um 1,15 en fyrir bleikju 1,1 og verður fóður fyrir bleikju sambærilegt við það sem notað er við laxeldið og er frá fóðurstöðinni Laxá.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um staðsetningu kvía fyrir bleikjueldið í Lónum. Kvíarnar eru í tveimur einingum. Fyrir seiðaeldi 10 kvíar 12 x 12 m og 6 m djúpar og fyrir matfiskeldið 20 kvíar 15 x 15 m og 7 m djúpar.

## **Skipulag**

Deiliskipulag af framkvæmdasvæðinu liggur ekki fyrir.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að efla samkeppnishæfni fyrirtækisins á markaði.

## **ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA**

### **Almennt.**

Í umsögnum Kelduneshrepps, Umhverfisstofnunar og veiðimálastjóra kemur fram að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

## **Skipulag**

Í greinargerð Aðalskipulags Kelduneshrepps 1995 - 2007 kemur fram að laxeldi er í kvíum í Lónum.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða að nýta um 12.000 m<sup>3</sup> af eldisrými í kvíum Rifóss hf. í Lónum, Kelduneshreppi, til eldis á bleikju í matfiskstærð og í fyrstu 40-50 tonn á ári. Samkvæmt starfsleyfi er heimilt að ala allt að 700 tonnum af laxi í 52.000 m<sup>3</sup> eldisrými en nýting þess er nú sem svarar 500 tonnum af laxi í 40.140 m<sup>3</sup>. Fóðurstuðull í laxeldi er um 1,15 en fyrir bleikju 1,1 og verða áhrif fóðrunar bleikju því minni en við eldi á sama magni af laxi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að áhrif bleikjueldis í allt að 12.000 m<sup>3</sup> eldisrými Rifóss hf. í Lónum, Kelduneshreppi, séu óveruleg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð breyting á fiskeldi Rifóss hf. í Lónum, Kelduneshreppi, eins og hún er kynnt, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Kelduneshrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b., starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og rekstrarleyfi veiðimálastjóra skv. lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 27. ágúst 2004.

Þóroddur F Þóroddsson

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Kelduneshreppur, Umhverfisstofnun og veiðimálastjóri